
Menningarmál

EÐLILEGT OG ENGIN „FIFF"

Athyglisverð ljósmyndasýning skoðuð



Hér er ein myndaserían á sýningunni. Sama myndin dregin hægt úr fókus. Aðrar myndaseríur á þessari sýningu vekja enga sérstaka athygli.



Ein af Færeyjamyndunum á sýningunni. Þær myndir gefa sýningunni afbrigðilegan svip, en þær tóku tveir sýnendanna á síðasta sumri.

Texti: Þórarinn Jón Magnússon
Bragi Guðmundsson

Það er hverjum ljósmyndara lærdómsríkt að virða fyrir sér sýningu áhugaljósmyndaranna sex að Kjarvalsstöðum. Að vísu er þar ekki brotið blað í sögu ljósmyndalistar, en sýningin er heiðarlegt framlag til þessarar listgreinar — og minnir okkur á, að það er hugmyndin að baki ljósmyndunarinnar, sem mestu ræður. Ekki það, að nota hinar furðulegustu linsur framaná vélarnar og síðan gera hin margvíslegustu „fiff" við stækkun myndarinnar.

Greinilegt er, að náin samvinna er á milli ljósmyndaranna sex. Þeir draga mjög dám hver af öðrum. Sjálfsagt er það aðeins til góðs. Þá er það einnig auðséð, að þeir félagarnir hafa unnið sýninguna saman, bæði hvað snertir myndavalið og stækkun myndanna. Sýningin er líka óneitanlega heilsteypt mjög og virðist gefa góða yfirsýn yfir það, sem þessir ljósmyndarar hafa verið að fást við.

Þessi sýning er að því leytinu frábrugðin hinni fyrri, sem þeir sömu stóðu að fyrir tveim árum, að hér er ekki verið að gera neinar kúnstir með negatífin, eins og nokkuð var um áður. Það er jafnvel minna gert að því núna að stækka út úr myndunum, og hlýtur það að bera vott um ákveðnari vinnubrögð við ljósmyndunina sjálfa.

Það er ekki að sjá, að ljósmyndararnir séu heldur í vandræðum með negatífin. Lýsingin virðist leika í höndum þeirra í allflestum tilvikum, og þeir eru farnir að gera meira að því að leika sér með ljós og skugga. Til dæmis er nokkuð um myndir, sem teknar eru á móti sól. Hér eru þeir greinilega að þreifa fyrir sér í ríkara mæli en áður.

Hugmyndaflug og „gott auga" er þessum sex ljósmyndurum óneitanlega gefið. Hvað hugmyndaflugið snertir vekur sérstaka athygli röð mynda af húsgöflum og öðru slíku. Það er til að mynda stór mynd, sem sýnir raunverulega lítið annað en svartan húsvegg, en í horni myndar er þó gluggabora, sem lítill drengur er að horfa út um. Önnur mynd sýnir aftur lítið annað en kvist og bárujárn, þó mjög grípandi mynd.

Eins má taka sem dæmi mynd af telpu, sem er að kíkja fyrir húsgafl. Hún nær þó ekki nema yfir lítinn hluta myndflatarins. Megnið af myndfletinum fer undir stigvél og bakhluta drengs, sem er tæpast í fókus. Góð mynd, sem hefði misst áhrifamátt sinn, ef svo mikið sem táin hefði verið skorin af stigvélunum.

Eitthvað er á sýningunni af myndaflokkum. Þar eru ljósmyndararnir ennþá nokkuð fálmandi. Athyglisverð er að vísu mynd af grjóti, sem er dregin út úr fókus, en af slíku er hægt að fá of mikið. Hins vegar getur „myndasaga" verið stórbrotið viðfangsefni, en á þessari sýningu er ekki neina slíka að finna, sem hrósverð má kallast.

Forvitnilegar geta þær myndir talizt, sem teknar eru af „massa", eins og t.d. myndin af timburhlaðanum og myndin frá fiskþurrkuninni. Hér tekst ljósmyndurunum nokkuð vel upp. Eins má að lokum bera lof á tilfinningu þeirra fyrir fólki og öðru kviku. Þeir hafa beðið eftir réttu svipbrigðunum — og náð að smella af á hárréttu augnabliki.


„ÞETTA ER ÍSLAND"

Litmyndir Gunnars Hannessonar eru landsmönnum að góðu kunnar. Framlag hans til sýningarinnar að Kjarvalsstöðum mun þó ábyggilega koma flestum á óvart. Hér er Gunnar ekki að sýna aðra hlið á náttúru Íslands en hann viðurkennir sjálfur, að sé hin eina sanna.

Landslagsmyndir Gunnars á sýningunni, sem eru 560 talsins, eru ekki þær glansmyndir, sem við eigum að venjast af forsíðum landkynningarbæklinga, almanökum og póstkortum. Myndir, sem hafa laufguð tré í forgrunni, sæta stelpu á aðra hönd og yfirleitt annað það, sem skapað getur suðræna stemmningu. Hér tekst Gunnari miklu fremur að draga fram hrikalega náttúru landsins, sem er öll líkari því sem við þekkjum. Og við tökum fúslega undir þau orð snillingsins, að „þetta sé Ísland".



Þrír áhugaljósmyndaranna vinna við að skola eina myndanna, sem á sýninguna fóru. Þeir þurftu að koma sér upp sérstakri aðstöðu til að geta unnið hinar miklu stækkanir fyrir sýninguna, m.a. smíða þessa stóru bakka.



Hvað skyldi langt síðan tökumaður þessarar myndar gerði fjölskyldu sína að myndaefni....?



Loftmynd af Skeiðarársandi? — Nei, mynd af drullupolli á einni af götum Reykjavíkur.